

105  
23. des.

## L Ö G

um útreikning vísitölu framfærslukostnaðar.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Húsaleiguliður vísitölu framfærslukostnaðar skal reiknaður án tillits til 5. gr. laga nr. 56/1950 um breyting á lögum nr. 39/1943, um húsaleigu. Skal nefndur vísitöluliður reiknaður eftir því ákvæði í 3. gr. laga nr. 22/1950, um gengisskráningu o. fl., að miðað sé við húsaleigu í húsum, sem fullgerð eru eftir árslok 1945, og á grundvelli rannsóknar kauplagsnefndar á húsaleigu.

#### 2. gr.

Skal kauplagsnefnd reikna á ný vísitölu júlímánaðar samkvæmt ákvæðum 1. gr., og skal sú vísitala gilda fyrir kaupgreiðslur frá 1. ágúst til 31. des. 1950.

#### 3. gr.

Nú er vísitala framfærslukostnaðar fyrir júlímánuð samkvæmt ákvæðum 1. gr. þessara laga hærrí en 112 stig, og skal þá hækka uppbót á kaupgreiðslur fjóra síðustu mánuði ársins þannig, að mismunurinn fyrir júlímánuð sé að fullu bættur.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt falla úr gildi bráðabirgðalög nr. 71 19. júlí 1950.

*Gjört í Reykjavík, 23. desember 1950.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

106  
28. des.

## L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Á árinu 1951 skal innheimta:

- A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
  - a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aorum af kg í stað 1 eyris.
  - b. Af öllum öðrum vörum með 250% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 45% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem 106  
taldar eru í 2. gr.

28. des.

## 2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli 9 nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, brennt, eða brennt og malað.
— 10 — 1—7,	korn, ómalað.
— 11 — 1—12,	mjöl og grjón.
— 17 — 1—6,	sykur.
— 22 — 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
— 24 — 1—9,	tóbak.
— 25 — 10,	salt.
— 27 — 1—4,	kol.
— — — 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkja-samninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

## 3. gr.

Á árinu 1951 skal heimilt:

- Að fella niður aðflutningsgjöld af:
  - Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
  - Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
  - Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
- Að lækka um helming aðflutningsgjöld af sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár, og að heimta ekki verðtoll af flutningsgjaldi af þessum sykri.

## 4. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollahækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagsyfirvöldum skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollahækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki að krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnu-veganna.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1950.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.